

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 8/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 92/97 frá 9. desember 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB frá 4. september 1996 um aðra aðlögun að
tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í
lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna
skaðlegra efna og efnablandna (klóruð leysiefni)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka
við samninginn:

„- **396 L 0055:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB frá 4. september 1996
(Stjtið. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner